

# MÍÐBORGAR PÓSTURINN

Sumar 2017

Nr. 35  
Sumar 2017 · 12. árg.

FRITT EINTAK!



**GRYFJAN VAPE SHOP**

[www.gryfjan.is](http://www.gryfjan.is) | Veltusund 1

## Hildur Yeoman hefur opnað á Skólavörðustígnum



Hildur Yeoman, sem hefur getið sér haggott orð fyrir ævintýralegar sýningar, draumkennð prent og kvenlegan fatnað, opnaði sína eigin verslun þann 16 mars síðastliðinn að Skólavörðustíg 22b.

Verslunin sem ber nafnið Yeoman er sannkallaður töfraheimur fullur af lúxusvarningi bæði frá íslenskum sem og erlendum tiskumerkjum. Þar er hægt að fá falleg föt, ásamleg ilmvötn, skart og spennandi skómerki ásamt ýmskonar dýrgripum og gjafavörum.

Ásamt vörum Hildar Yeoman má m.a. nefna íslenska skómerkið Kalda, undirföt frá hollenska merkinu Love stories, skart frá

Eyland, fatnað frá franska merkinu American vintage, sundföt frá swimslow og skó frá bresk portúgalska merkinu Miista.

Hildur hannar fyrir nútímakonuna. Þetta er bæði fatnaður sem hentar vel í vinnu og í drykk eftir vinnu. Hildur er þekkt fyrir glæsilega kjóla og fallegt handgert skart, en í versluninni er einnig gott úrval af fallegum drögtum og þrjónafatnaði sem er nýtt frá merki Hildar Yeoman.



## Tapasbarinn – sjóðheitur í 17 ár



Tapasbarinn hefur verið eitt vinsælasta veitingahús landsins frá opnum staðarins árið 2000.

Á Tapasbarnum getur þú smakkað fjölda gömsætra tapasréttu, saltfisk, paellu, humar, lunda og miklu, miklu fleira. Lamb í lakkrissósu og beikonvafinn hörpuskel og döðlur er eitthvað sem allir verða að smakka, að ógleymdum gömsætu hvítlauksbökudu humarhólunum sem hafa verið einn vinsælasti réttur staðarins frá opnun.

Fyrir ævintýragjarna er óhætt að mæla með Óvissuferðinni, 8 rétta bragðveislu þar sem matreiðslumenn staðarins sérvelja 7 tapasrétti – góða blöndu af kjöti, fiski og grænmeti og í lokinn sætan eftirrétt.

Það er alveg tilvalið að kíkja á Tapasbarinn eftir bió eða tónleika í síðbúin kvöldverð því eldhús er opið til kl. 01:00 um helgar og 23:30 virka daga.

### Sumar er sangría!

Fimmtudagar eru Sangría dagar á Tapasbarnum í sumar.

Boðið er upp á bakka með 4 tegundum af mini sangría; klassíska sangría, passion fruit sangría, cava sangría og berja sangría. Bakkin er frábær leið til að smakka mismunandi sangría og alveg tilvalinn til að deila.

Vertu sólarmeigin í sumar og kaktu á Tapasbarinn.

## Á miðju Times Square í Fjallakofanum

„Nú fer heldur betur að færast líf í tuskurnar, enda von á erlendum göngugörpum og útivistarfólki í stórum stíl til landsins,“ segir Gunnar Hjálmarsson, sem er betur þekktur sem tónlistarmaðurinn Dr. Gunni, en talar hér sem verslunarstjóri Fjallakofans á Laugavegi 11.



„Síðasta sumar var Laugavegurinn nánast eins og Times Square, ótrúlegur straumur af túristum hér, og líklega verða enn fleiri í sumar“ segir Gunnar. „Kúnnahópurinn er svona 90% útlendingar og mjög margir af þeim að fara að ganga „Laugavegin“ á milli Landmannalauga og Þórsmerkur. Við erum oft á tíðum að upplifa okkur sem hálfgerða Upplýsingamiðstöð ferðamannsins, og reynum eins vel og hægt er að afgreiða alla þannig að þeir fara glaðir og ánægðir frá Fjallakofanum með rétta búnaðinn og réttu upplýsingarnar til þess að njóta þess sem ferð þeirra býður upp á. Svo erum við líka að leigja út búnað og fatnað og höfum oft bjargað ferðalaginu fyrir fólk.“

Gunnar segir Fjallakofann hreinlega selja allt sem þarf í göngur og aðra útivist. „Mörkin á milli útivistarfátannaðar og hversdagsfatnaðar eru alltaf að verða óskýrari,“ segir hann og tiltekur Scarpa Mojito skóna sem

dæmi. „Þetta eru frábærlega þægilegir skór fyrir alla daglega notkun, léttir, flóttir og til í 30 litum eða svo. Það veður oft valkviða hjá fólk. Auðvitað erum við með ýmsar tegundir af bæði soft- og hard-shell fatnaði frá Marmot og Arc-teryx, og svo allt annað, t.d.

svefnpoka, sólgleraugu, sjónauka, vasahnifa, primusa, áttavita og bakpoka, svo ég nefni eitthvað af því sem þarf í velheppnaða ferð.“

Fjallakofinn selur hágæða og heimsfræg erlend merki. „Sé fólk að hreyfa sig utandyra er alveg „möst“ að vera í ullarnærfötum



frá Smartwool, líka á sumrin, enda fljótt að verða kalt á fjöllum. Þau anda mjög vel og maður svitnar ekki í þeim, en þau halda frábærlega á milli hita.“

Nýlega hóf Fjallakofinn sölu á reiðhjólum frá spænska framleiðandanum BH, sem er einn af elstu reiðhjólframleiðendum heims. „Hjóladeildin er í verslun okkar í Kringlunni 7 (á fyrstu hæð í Húsi verslunarinnar). Þetta eru hjól af öllum gerðum og stærðum, líka rafhjól, sem allar spár segja að fólk muni tileinka sér í auknum mæli sem samgöngutæki á næstu árum.“

Gunnar og starfsfólk hans í Fjallakofanum Laugavegi 11 hlakkar til þess að fá ykkur í heimsókn í sumar og mun leggja sig fram við að þjónusta þig eins vel og hægt er.

**Útgefandi:** Fjölmíðla- og hugmyndahúsið ehf. **Ritstjóri:** Eiríkur Einarsson **Umbrot:** Grafíker ehf. **Forsíðumynd:** Emillía Fannbergsdóttir **Prentun:** Landsprent **Sími:** 699 77 64 **Auglýsingar:** midborgin@gmail.com



## „LATE DINNER“ Á TAPASBARNUM

Eldhúsið okkar er opið til **01.00** um helgar og **23.30** virka daga



Vesturgötu 3B | Sími 551 2344 | [www.tapas.is](http://www.tapas.is)

**Marmot**  
ÞÚ FINNUR MUNINN!



Marmot SCARPA Smartwool PETZL Black Diamond Julbo

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | [fjallakofinn.is](http://fjallakofinn.is)



# Akrafall og Skarðsheiði, eins og fjólubláir draumar frá SKÝ



Guðrún Elva Hjørleifsdóttir, forstöðumaður veitingasviðs CenterHotels.



Á efstu hæð á CenterHotel Arnarhvol er veitingastaðurinn SKÝ Restaurant & Bar. Veitingastaðurinn, sem er bjartur og skemmtilega hannaður, býður upp á notalegt andrúmsloft, fjölbreytt úrval af réttum og stórkostlegt útsýni yfir Faxaflóann, Hörpu tónlistarhús og miðborgina. Fjallasýnin frá SKÝ er óviðjafnanleg og gerir veitingastaðinn ólíkan öðrum veitingastöðum í miðborginni. Frá veitingastaðnum er aðgengi út á rúmgóða verönd sem snýr út að Faxaflóa og er hún tilvalinn staður til að njóta góðra drykkja um leið og notið er að horfa á útsýnið.

Við litum þar við og tókum Guðrúnu Elvu Hjørleifsdóttur, forstöðumann veitingasviðs CenterHotels, tali og forvitnuðumst aðeins um staðinn. "SKÝ er líflegur en um leið notalegur veitingastaður á besta stað í bænum. Við leggjum mikla áherslu á að veita gestum okkar góða þjónustu ásamt fjölbreyttum réttum á matseðli og spennandi drykkjum," segir Guðrún Elva.

SKÝ opnar í hádeginu alla daga vikunnar og leggur áherslu á að bjóða upp á fisk dagsins í hádeginu sem kemur ferskur af

markaði samdægurs. Í boði er einnig vel útlátinn brunch sem er sérstaklega vinsæll meðal vinahópa og fjölskyldna sem vilja gera sér glaðan dag um helgar.

"Við erum með einstaklega gott úrval af réttum á kvöldverðaseðlinum okkar og við leggjum áherslu á að allir geti fundið sér eitthvað við sitt hæfi. Á seðlinum er að finna val um ferskan fisk, gæða kjöt, úrval af pastaréttum, samlokum og salati," segir Guðrún Elva.

SKÝ er vinsæll staður fyrir hópa frá 10 til 85 manns sem vilja koma saman og njóta góðra veitinga og í boði er gott úrval af spennandi matseðlum fyrir hópa af öllum stærðum og gerðum.

„Þar sem vel sést til fjallgarðsins handan Faxaflóans höfum við nefnt nokkra af okkur vinsælustu kokteilum eða fjallastélum eins og við köllum þá eftir fjallstoppunum sem eru sýnilegir frá SKÝ. Þannig er hægt að njóta þess að horfa á Akrafall um leið og bragðað er á fjallastélinu Akrafalli," sagði Guðrún Elva þegar við spurðum út í nöfnin á kokteilunum sem báru þessi alislensku heiti.

Veitingastaðurinn er staðsettur í grend við Þjóðleikhúsið og Hörpu og er því tilvalið að koma við á SKÝ áður en farið er á tónleika eða í leikhús og njóta þess að horfa á útsýnið með fjallastél sér við hönd eða ljúffengan rétt til að bragða á í kvöldsólinni.



Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

s: 534 0005 - gylltikotturinn.is



Blómopotur 2900,- Te 2900,- Kristallar 2000,-

## yeoman

Skólavörðustígur 22b, 101 Reykjavík, S: 519-8889

Hildur Yeoman Kjöl 34.900,-

Miasta Skór 29.900,-

Eyland Ámband 4900,-

Eyland Eyrnalokkar 4900,-

# Sumarið er tíminn

Kaffi Loki heldur áfram að gleðja gesti og gangandi með góðum þjóðlegum veitingum. Senn stefnir í 9 ára afmæli staðarins sem er í byrjun júlí.

„Þegar vel viðrar flytjum við út borð og stóla og allir brosa hringinn. Þannig áhrif hefur sólin á okkur Íslendingana en útlandingarnir sem koma flestir frá sólríkum löndum finnst gaman í öllum veðrum. Skólavörðuholtið getur verið vindasamt því Hallgrímskirkjan sem er mjög góður nágranni er eins og heilt fjall á holtinu og stjórnar vindinum. En þegar lognið kemur erum við glöð og þá er gott að sitja úti og fá sér íslenskt góðgæti,” segja þau á Kaffi Loka og gjörþekktja stemninguna á holtinu.

Það er opið alla daga til kl. 21:00 og á kvöldin er boðið upp á sérstaka kvöldverði, saltfisk og hangikjötsrétti í viðbót við matseðilinn. Gratineraðan plökfisk er hægt að fá allan daginn og í hádeginu er réttur dagsins á mjög góðu verði. Réttur dagsins er í anda staðarins, sem byggir á þjóðlegum hversdagsmat og koma þar við sögu fiskbollar, rúgbrauðssúpa, ömmusteik, gufusoðinn fiskur og fleira.

Loki Laufeyjason, einn af ásunum úr goðafraeðinni kemur mikið við sögu á Loka.

Sérlegað te, Lokate er unnið úr birki, blöðbergi og fjallagrösom og er það Urta.is sem framleiðir teið fyrir þau á Kaffi Loka.

„Björinn sem við erum með heitir Lokabjörinn og er sérmerktur bjór frá Bruggsmiðjunni Kalda og eru björunnendur mjög hrifnir af þessu raðgylta öli að norðan með flottum miða sem Siggí Valur listamaður



vann fyrir okku út frá myndinni um Loka sem prýðir 12m2 vegginn á efri hæðinni hjá okkur. Veggmyndin lýsir nokkrum atriðum

þar sem Loki, Þór, Óðinn, Freyja, Baldur og Höður hinn blindi koma við sögu og er sjón sögu ríkari,” segja þau á Kaffi Loka.

Verkið máluðu Siggí Valur og Raffaela og er endalaus uppspretta umræðna á Skólavörðuholtinu.

JS Watch co.  
REYKJAVÍK

KLASSÍSK ÍSLENSK ÚR

FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI



ÚRSMÍÐAMEISTARI OKKAR  
MISSIR ALDREI EINBEITINGUNA

Vegna annálaðrar einbeitingar, nákvæmni og 45 ára reynslu, tryggir úrsmíðameistarinn gæði íslensku úranna.

JS úrin eru íslensk hönnun og framleiðsla, sett saman á úrsmíðaverkstæði Gilberts, þar sem viðskiptavinir geta komið og hitt úrsmiðina sem setja saman úrin þeirra.

GILBERT  
ÚRSMÍÐUR  
Laugavegi 62 • sími: 551-4100  
www.gilbert.is

Listvinahúsið

Stofnað 1927



Listvinahúsið, Skólavörðustíg 43, Reykjavík  
s. 551 2859 / 897 4384  
www.listvinahusid.is  
listvinahusid@simnet.is

# Eftirsótt íslensk úr

frá JS Watch co. Reykjavík



JS Úrin eru íslensk frá grunni, þau eru hönnuð á teikniborði JS hér heima og allir ihlutir sérframleiddir í sérhæfðum verksmiðjum í Þýskalandi og Sviss. Þá eru úrin sett saman hér á landi undir ströngu gæðastirliti Gilberts Ó. Guðjónssonar úrsmíðameistara sem nýtir áralanga þekkingu og reynslu sína af úrsmíði til að tryggja

að hvert og eitt úr standist ströngustu kröfur. Frá upphafi framleiðslunnar hefur verið leitast við að sameina, glæsilega hönnun, gæði, fyrsta flokks úrverk og falleg armþönd. Vönduð úr eru munadarvara og fylgihlutur sem bæði karlmennt og konur njóta þess að velja, bera og eiga. En úr er ekki bara skartgripur. Það er nýthlutur

sem hjálpar okkur að gegna skyldum okkar, halda loforð og skapa góðar minningar. Sérstafa úranna á íslenskum markaði gerir það að verkum að erlendir gestir og úrasafnarar sækjast gjarnan eftir úrunum. Það eru margir frægir sem bera úr frá JS en vitaskuld líka almenningur allur. Meðal þekktara einstaklinga má þó til gamans

nefna Quentin Tarantino, Jude, Law, Viggo Mortensen, Elvis Costello, Constantine Grikklánskonung, Yoko Ono, Sean Lennon, Dalai Lama og Tom Cruise. Vörulína JS Watch co. Reykjavík fer ört stækkandi og úrval úra aldrei verðið meira. Nánari upplýsingar um úr og hönnun má finna á www.gilbert.is

# Djúsí Sushi

Allar sushirúllurnar okkar eru handgerðar við hverja þöntun.

Þú verður að smakka!



Djúsí  
Sushi

# Mesta tónverk allra tíma og þjóða



Hannah Morrison



Alex Potter

Mótettukór Hallgrímskirkju flytur Messu í h-moll eftir Johann Sebastian Bach á tvennum hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju helgina 10.-11. júní nk. í tilefni af 35 ára afmæli kórsins. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við Listvinafélag Hallgrímskirkju og hefjast kl. 17 báða dagana.

H-moll messan er eitt af mögnuðustu stórvirkjum tónlistarsögunnar og ávallt mikill viðburður þegar verkið er flutt á tónleikum. Verkið gerir afar miklar kröfur til kórsöngvara enda fullt af glæsilegum og fjölbreyttum kórköflum sem félagar Mótettukórsins njóta þess að glíma við á ný, en síðasti flutningur kórsins á messunni fyrir réttum áratug fékk finnsmjörnu dóma.

Einsöngsariur og dúettar H-moll messunnar eru ekki síður krefjandi og fögur tón-

list og munu fjórir frábærir einsöngvarar flytja þá kafla. Skosk-íslenska sópransöngkonan Hannah Morrison og enski kontratenórinn Alex Potter eru í fremstu röð barokksöngvara um þessar mundir. Þau koma reglulega fram með virtustu barokksveitum og -stjórnendum heims og hafa sungið inn á fjölda hljómdiska. Þau syngja nú bæði í fyrsta sinn í Hallgrímskirkju og er það mikið tilhlökkunarefni. Þeir Elmar Gilbertsson tenór og Oddur Arnþór Jónsson barítón, sem báðir voru félagar í Mótettukórnum á námsárum sínum, hafa unnið glæsta söngsigrá á undanförunum árum, bæði hér heima og erlendis. Oddur Arnþór var útnefndur bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaunum árið 2014 og Elmar hefur tvisvar hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins.

Með þessum fríða flokki söngvara leikur

Alþjóðlega barokkhljómsveitin í Hallgrímskirkju sem er skipuð einvala liði hljóðfæraleikara víða að úr heiminum sem safnast reglulega saman í Hallgrímskirkju til að flytja meistaraverk barokksins ásamt kórum kirkjunnar. Hljómsveitarmeðlimir búa yfir gríðarlegri reynslu af túlkun barokktónlistar í hæsta gæðaflokki og hefur þátttaka þeirra í íslensku tónlistarlífi á undanförunum árum verið ómetanleg. Þegar hljómsveitin flutti H-moll messuna síðast með Mótettukórnum greip gagnrýnandi til orða á borð við „dúnróma, undramjúk, lýtalaust ómfögur og spræk“ til að lýsa leik hennar. Konsertmeistari Alþjóðlegu barokksveitarinnar er finnski fjölsleikarinn Tuomo Suni.

Stjórnandi á tónleikunum er Hörður Áskelsson, organisti og kantor Hallgrímskirkju og listrænn stjórnandi Listvinafélags Hallgrímskirkju.

Þegar H-moll messa Bachs var fyrst gefin út á 19. öld, tæpum hundráð árum eftir að höfundurinn lést, kynnti útgefandinn hana sem „mesta tónverk allra tíma og þjóða“, sem var óneitanlega nokkuð djörf yfirlýsing í ljósi þess að verkið hafði þá aldrei verið flutt í heild og var fáum kunnugt. Þetta var hinsvegar spámannlega mælt og H-moll messan öðlaðist fljótlega sérstakan virðingarsess í tónlistarheiminum sem krúnudjásn barokktímans. Bach vann að verkinu á síðustu æviárum sínum, farinn að heilsu og nær blindur. Hann leit yfir feril sinn og setti þetta lokaframlag sitt á sviði kirkjutónlistar saman úr vandlega völdum köflum úr fyrri verkum sínum í bland við nýsamda tónlist. Hann lagði í verkið alla þekkingu sína,

tæknilega færni og snilligáfu svo úr varð risavaxin sýnisbók fyrir komandi kynslóðir um möguleika fjölradda tónlistar. Kjarni þriggja alda tónlistarhefðar settur fram í tveggja tíma tónsmíð, sem bæði er heilsteyp og þrungin lífskrafti. Tilfinningaskali verksins er geysivíður og spannar allt frá dillandi fjörugum dansi til djúprar ihugunar um stöðu mannsins og samband hans við guðdóminn. H-moll messan er sannarlega verk fyrir alla tíma og þjóðir.



Oddur Arnþór Jónsson

Miðasala er hafin á miði.is og í Hallgrímskirkju, S. 510-1000.

Seldir eru miðar í úrvalssæti á 9.500 og í almenn sæti á 5.900. Félagar í Listvinafélagi Hallgrímskirkju fá almenna miða á afsláttarverði, 3.900 kr. Einnig er gefinn 10% afsláttur af almennum miðum fyrir aldrada og öryrkja. Námsmannaverð er 4.900 kr. Afsláttarmiða er hægt að nálgast í Hallgrímskirkju

**Skúmaskot**

Skúmaskot er handverks-, ífsku- og listmunaverkslun sem hefur komið sér fyrir í húsnæði gömlu Fatabúðarinnar á Skólavörðustíg 21a. Þegar komið er inn í búðina opnast heimur af íslensku handverki og listmunum sem leynast í hverju skúmaskoti, upp um alla veggir og í hverri hillu. Allt frá máilverkum, fatnaði, skartgripum, keramikki, pappírverkum, textíl, mósaík og glermunum. Fjölbreytnin og litagleðin ræður ríkjum í þessu litla listaskoti.

Að Skúmaskoti standa tíu listamenn og hönnuðir, þeir skiptast á að vera á staðnum sem gerir Skúmaskot að einstakri og persónulegri búð.

Leyndarmál í hjarta Reykjavíkur

Skúmaskot, Skólavörðustíg 21a



## Sumardagskrá Borgarsögusafns Reykjavíkur

### Viðey

JÚNÍ			
4. júní	sun	13:15 – 15:30	Útieldamenska
11. júní	sun	11:00 – 18:00	Sjómannaþagskaffi í Viðeyjarstofu
18. júní	sun	10:15 – 12:30	KVENNAHLAUP ÍSÍ
18. júní	sun	13:15 – 15:30	Dagur villtra blóma
21. júní	mið	20:00 – 23:00	Sumarsólstöðuganga
25. júní	sun	13:15 – 15:30	Gengið með Önnu Rósu grasalækni
JÚLÍ			
2. júlí	sun	13:00 – 16:00	Barnadagur í Viðey
16. júlí	sun	13:15 – 15:30	Hjólaleiðsögn með Steini Ármanni leikara
23. júlí	sun	13:15 – 15:30	Jóga og gongslökun með Arnþjórgu Kristínu Konráðsdóttur
ÁGÚST			
20. ágúst	sun	13:15 – 15:30	Kúmenganga
27. ágúst	sun	13:15 – 15:30	Þjóðsögur í Viðey með Þjórk Bjarnadóttur þjóðfræðingi

www.borgarsogusafn.is

## Árbæjarsafn

JÚNÍ			
4. júní	sun	13:00 – 16:00	Lífð í þorpinu
9. júní	fös	14:00 – 14:30	Brúðubíllinn
11. júní	sun	13:00 – 16:00	Póstur póstur!
17. júní	lau	13:00 – 16:00	Þjóðhátíðardagskrá
18. júní	sun	13:00 – 16:00	Frá býli til borgar
23. júní	fös	22:30 – 24:00	Jónsmessuganga
25. júní	sun	13:00 – 16:00	Rababararúna!
JÚLÍ			
2. júlí	sun	13:00 – 16:00	Fornbíladaðurinn
9. júlí	sun	13:00 – 16:00	Verk að vinna!
16. júlí	sun	13:00 – 16:00	Harmónikkuhátíð og heyannir
23. júlí	sun	13:00 – 16:00	Árdagar Reykjavíkur
24. júlí	mán	14:00 – 14:30	Brúðubíllinn
30. júlí	sun	13:00 – 16:00	Kóngurinn kemur!
ÁGÚST			
6. ágúst	sun	13:00 – 16:00	Komdu að leika!
7. ágúst	mán	13:00 – 16:00	Komdu að leika!
11. ágúst	fös	13:00 – 16:00	60 ára afmæli Árbæjarsafns
12. ágúst	lau	13:00 – 16:00	60 ára afmæli Árbæjarsafns
13. ágúst	sun	13:00 – 16:00	60 ára afmæli Árbæjarsafns
20. ágúst	sun	13:00 – 16:00	Tafi og skrafl
27. ágúst	sun	13:00 – 16:00	ULL í fat – mjólk í mat



# Sumar á Apotek kitchen + bar



Apotekið hefur verið geisvinsælt frá opnum og hefur stípað sig inn sem skemmtilegur veitingastaður sem er tilvalið að dropa inn á bæði í hádeginu og á kvöldin, og jafnvel líka bara í kaffi og í eftirrétt síðdegis.

### Gómsætir smáréttir!

Á Apotekinu finnur þú frábært úrval af spennandi smáréttum.

Það er tilvalið að velja 2 til 3 gómsæta smárétti og hanna þína eigin matarupplifun.

Hvort sem þú ert í stuði fyrir túnfisk, vöflubita með þremur tegundum af spennandi "topping", hinum geisvinsæla rétt

önd&vöflu, kolkrabba, túnfisk, lambarif eða leturhumar & tigrisrækju, þá ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi.

### (N)ostraðu við þig

Á fimmtudagskvöldum býður Apotekið upp á sumarlegan ostruseðil með fyrsta flokks ostrum frá franska fyrirtækinu Ostra Regal.

Boðið er upp á ostrurnar au naturel með sitrónu, með mangó, "tigrismjólk" og kókosfroðu og "pozu tapioka jalapeno" og "kóriander".

Klárlega eitthvað sem allir verða að prófa í sumar.



# Reiðhjólaverzlunin *Berlín* er nýlega flutt við Gömlu höfnina á Geirsgötunni

Reiðhjólaverzlunin Berlín snýst ekki bara um reiðhjól, heldur einnig um lífstíl. Hugmyndin á bakvið búðina er að kynna fyrir Íslendingum þennan lífstíl og sýna þeim að það er hægt að hjóla í glæsilegum fatnaði á flottu hjóli um borgina eða bæinn og leggja áherslu á hvert skal fara frekar en hvernig.

Í Reiðhjólaverzluninni Berlín má komast í tæri við rótróna reiðhjólmenningu evrópskra höfuðborga. Þar er að finna reiðhjól, fatnað, hjálma og aukahluti fyrir fólk sem vill nota hjólið í sitt daglega stúss og ferðast um göturnar beinn í baki, á sterkum og stórum borgarhjólum, víðulega til fara og helst með blómvönd í körfunni framan á hjólinu eða nesti fyrir lautarferð á Klambatúni.

Alexander Schepsky, eigandi og verslunarstjóri fyrirtækisins, segir vaxandi vinsældir borgarhjólans sem samgöngutækis ekki bara snúast um tvíðjakka-rómantik. „Fólk er búið að átta sig á að það er mjög hentugt að hjóla og þá alveg sérstaklega hér í miðbænum. Að skjótast á milli staða í pósthúsi 101 og í hverfunum um kring er mun auðveldara á hjóli en á bíl.“

Alexander ólst upp í Þýskalandi og vandist því að nota reiðhjól sem farartæki, mun frekar en sem íþróttatæki. Í þýskum borgum hjólar fólk á öllum aldri og á öllum árstímum og tekur reiðhjól fram yfir aðra fararmáta enda fljótlegt, þægilegt, ódyrt og heilsuþættandi að skjótast á hjólinu undir eigin afli.

Vöruvalið hjá verslun Alexanders er sniðið að þörfum þeirra sem hjóla styttri vegalengdir innanbæjar. „Við seljum hjól fyrir venjulegt fólk sem er ekki endilega að leita



að íþróttatæki eða ætla að fara í 100 km kapphólfreiðar. Þessi hópur byrjar gjarnan að hjóla um leið og sólin hækkar á lofti og hægt að hjóla í birtu bæði til og frá vinnu.“

Ein mest seldi varan hjá reiðhjólaverzluninni eru bast-körfur sem festa má framan á hjólið. Körfurnar eru með handfangi og má kippa þeim af hjólin og nota sem innkaupakörfu þegar skotist er út í búð.

Berlín er einig búin að fá nýja sendingu af fallegum reiðhjólahljúsum frá Melon Helmets í Þýskalandi sem uppfylla ekki bara allar krö-

fur en koma líka í ýmsum flottum litum og mynstrum og eru 30% léttari en sambærilegir hjólahljúmar.

Þar að auki mun Berlín bjóða upp á sérstaka reiðhjólátúra í gegnum gamla bæ Reykjavíkur. Fyrir það lét Alexander smíða sérstakt „vintage“ hjól í Belgíu sem ber með sér nostalgíu og gamalsdag semmingu.

Síðast en ekki síst er Birgittu eiginkonu Alexanders komin meira inn í fyrirtækinu og eru breytingar í versluninni svo að fljótlega eru gestum og viðskiptavinum boðið upp á kaffi, meðlæti og léttar matarveitingar.



# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2



Reykjavíkur Apótek býður upp á allar tegundir lyfja. Mikið og fjölbreytt úrval af heilsulyfjum, bað- og ilmvörum, gjafavörum auk ýmissa annarra góðra kosta.

Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð.



Öryrkjar og eldri borgarar njóta sérkjara hjá okkur

**Afgreiðslutími:**  
9-18:30 virka daga  
10-16:00 laugardaga

Reykjavíkur  Apótek

# Sægreifinn

skemmtilegur staður á skemmtilegum stað

Sægreifinn var stofnaður af Kjartani Halldórssyni árið 2003. Hann ætlaði aldrei að fara út í veitingarekstur, þetta gerðist eiginlega bara óvænt. Hann opnaði í verbúðinni fiskbúð og vildi vera með eitthvað sérstakt sem enginn annar var að selja. Fiskbúðin gekk vel og var mjög vinsæl af fólkinu í nágrenninu.

Einn daginn komu erlendir ferðamenn til Kjartans á Sægreifann með fisk sem þeir höfðu veitt á sjóstöng úti á Faxaflóa. Þeir spurðu Kjartan hvort hann gæti grillað fiskinn fyrir þá. Kjartan var ekki kominn með grill á þessum tíma en þar sem þjónustulund hans var gríðarlega sterk skelti hann sér út í

BYKO og keypti eitt stykki útgrið og grillaði fiskinn fyrir ferðamennina. Þetta var fyrsta skref hans í áttina að veitingarekstri. Hann ákvað að fá sér borð og stóla og halda áfram að grilla fyrir gesti og gangandi. Þar næst fór hann í humarsúpgerð og þá var ekki aftur snúið. Veitingastaðurinn varð svo vinsæll hjá honum að hann varð að ráða inn fleira starfsfólk. Í byrjun voru þeir bara tveir gamlir karlar, hann og Hörður Guðmannsson, vinur hans til margra ára.

Kjartan Halldórssón lést í fyrra og hefur Elisabet Jean Skúladóttir sem vann hjá Kjartani um árabil tekið við rekstrinum.

Á Sægreifanum er ýmislegt á boðstólu-

num en þó stendur hin heimsfræga humarsúpa hæst. Uppskriftin kemur frá Kjartani en hann vildi ekki upplýsa um innihaldið, segir það hernaðarleyndarmál en fullvissir þó fólk um að það sé hamingja í hverri skeið. Á boðstólunum er einnig mikið úrval af grilluðum fisk og hægt að gæða sér á hrefnusteik.

Sægreifinn við Gömlu höfnina er enginn venjulegur staður. Þar er mjög vinalegt andrúmsloft og minnir helst á heimili. Við fyrstu sýn lítur staðurinn út fyrir að vera tiltölulega litill en hann leynir á sér því á neðri hæðinni eru tveir salir þar sem annarsvegar er setið á venjulegum stólum og hinsvegar á hrognatunnum með sérsaumudum púða til að sitja á. Á efri hæðinni er svo 30 manna salur. Hann er mjög fallegur, minnir helst á sumarhúsi. Þar má finna allskonar myndir og muni sem Sægreifinn hefur fengið að gjöf frá vinum og fastakúnum. Salinn má panta fyrir ýmis tilefni, þar hafa verið haldnar brúðkaupsveislur, fermingar, stórafmæli og fleira.

Nú er um að gera að kíkja við á Sægreifann og fá sér eitthvað gott í gogginn og njóta sín í góðu andrúmslofti.



# Café Haiti



Café Haiti flutti í Gömlu höfnina í júlí 2010, en haði verið áður í litlu plássi á Tryggvagötu 16 í rúm tvö ár. Sá staður naut mikilla vinsælda en plássið var orðið alltof lítið. Þegar þeim bauðst þetta húsnæði við Gömlu höfnina þá var ákveðið að láta til skarar skriða og flytja þangað og vera með í allri uppbyggingunni sem þar var og er að eiga sér stað. „Okkar styrkur liggur í kaffinu og kann fólk mjög vel að meta kaffið sem við höfum upp á að bjóða. Upphaflega vorum við eingöngu með kaffi frá Haiti, en þegar jarðskjálftarnir dundu þar yfir var ekkert kaffi lengur að fá þaðan. En það er að breytast og erum við aftur farin að fá kaffið frá þeim. Við erum mjög ánægð með það, en við brennum allt kaffi hér á staðnum. Erum með allskonar tegundir af kaffidrykkjum. Svo getur fólk fengið hjá okkur kaffibaunir sem það fer með heim til sín og einnig malað kaffi,“ segir Elda.

„Íslendingar hafa verið duglegir að

heimsækja okkur á veturnar og á sumrin bættast ferðamennirnir í hópinn. Auk þess að vera með þetta eðla kaffi, þá bjóðum við upp á bókur, kökur, vinsælar súpur og meðlæti. Við tókum síðan upp á því að vera með tónleika hérna hjá okkur á kvöldin um helgar. Er það alltaf að verða vinsælla og sé ég fram á að það verði áfram. Það eru allskonar tónlistarfólk sem spilar hjá okkur, er þetta svöltið öðruvísi tónlist, mjög fjölbreytileg og frá ýmsum löndum,“ segir Elda.

Elda, kemur frá Haiti og er potturinn og pannan í öllu saman og hefur innleitt kaffimeninguna frá Haiti. Hún ólst upp á þeim stað þar sem kaffiræktun var aðal málið. Kom hún svo til Íslands fyrir rúmum áratug síðan.

Café Haiti opnar snemma á morgnana og er opið fram á kvöldin, fer það eftir því hvað er að gerast hverju sinni, en oftar en ekki eru tónleikar á kvöldin, en það er hægt að fylgjast með dagskránni á facebook undir nafninu Café Haiti.

**HAMBORGARA Bullan**

**BURGERJOINT**

Burger Joint - Geirsgötu 1 - 101 Reykjavík - [bullan@simnet.is](mailto:bullan@simnet.is) - [www.bullan.is](http://www.bullan.is)

# Hægt að njóta sumarsins á útisvæðinu hjá Kopar



Sumarið er dásamlegur tími hér við gömlu höfnina það iðar allt af lífi.

Á bryggjunni finnur maður fyrir sögu Reykjavíkur og öllu lífinu við höfnina, hvort sem það er fólk að störfum, ferðamenn að skoða sig um, fólk á göngu um svæðið eða krakkar sem koma með stangirnar sínar og freista þess að veiða fisk á bryggjuspordið.

Ferskt og kraftmikið andrúmsloft hafnarinnar er hluti af upplifuninni þegar þú borðar á Kopar.

Kopar býður uppá léttu rétti í hádeginu og er opið þar til kl. 15.00 á daginn en opnað síðan aftur kl. 17.00 fyrir kvöldið.

Einnig eru þar mikið úrval kokteila. Kopar býður uppá happy-hour alla daga frá kl. 16-18 þar sem hægt er að fá kokteila á hálfvirdi.

Kopar er með frábært útisvæði báðum



megin við verbúðina þar sem gestir geta notið útsýnisins á meðan borðað er.

Hægt er að bóka borð í síma 567-2700 eða [info@koparrestaurant.is](mailto:info@koparrestaurant.is)



**Sæta svínid GASTROPUB**

**PARTÝ BINGÓ**

**MEÐ SIGGU KLING**

ALLA SUNNUDAGA Í SUMAR KL. 21

Geggjaðir vinningar

SÆTA SVÍNID  
Hafnarstræti 1-3  
[saetasvinid.is](http://saetasvinid.is)

MYND: MEGHANA KULKARNI (CC BY-SA 2.0)

HÖFUNDUR BH • KRÓSSGATUR.GATUR.NET

				VERKUR	HLUTI FRÆVU	TJARA	SKRAF	VAG KVK NAFN	DUGLEGUR	LESTA
TILSLÖKUN INN- GANGUR										
						ÍPRÓTT SKARÐ				
STÚLKA						KINNUNG- UR STRIT				
HÉGÓMI							BRAK	RÓMVERSK TALA KLAFI		
ENDAST VERKFERI							MYLJA HEL			
	SIDA ÁGÆTIS	Í RÖÐ		GRAN- ALDIN	FUGLA- HLJÓÐ LÁÐ				AFBRAGÐ	LAPPI
REFSA				LAND Í AFRIKU NIÐUR					TVEIR EINS EIN- SÖNGUR	
SKEL TUNNA			MAN BLAÐ		FUGL PEFJA					
		FJÖRUGUR ÓHEFTUR						STIG MERKJA		
SLÆMA			SÁLAR GLUMDI				SEIDI HLUTA			
	SKYNFERA VEIKJA				ORÐ- RÖMUR ÓPARFLEGA					ÓHEPPINN
RIFA ÞUS				BUR SKRÖK				GANGPÓFI FLOKKA		
			TVEIR EINS AD- RAKSTUR		TÁLKN- BLÓÐ DIMMI					KLIPPARI
UM- HVERFIS		ÓHAPP TIL- FINNING			SÆGUR	HNETA ÁFENGI				
ÁTELJA			NEF TRÍTLA			MEGIN TIF				
	AFRIT FUGL							MJAKA SÍÐAN		
GÆLU- NAFN SPÍRA				RÍKI Í AFRIKU TÍMABIL					TVIHLJÓÐI ÓLÆTI	
			FLAGG			STEIN- TEGUND				
REIÐ- MADUR					AFKIMA					



# TRAUST OG ÁBYRG ÞJÓNUSTA

Fyrir



Eftir



Fyrirtak málningarpjónusta ehf. hefur þjónað fyrirtækjum, stofnunum, húsfélögum og heimilum til margra ára. Fyrirtak tekur að sér öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi og breytingum á fasteignum, jafnt að innan sem utan. Ef þarf að mála glugga, veggja og þak þá hringir þú í Fyrirtak.

Ámundi Tómasson er framkvæmda- og verkefnastjóri hjá Fyrirtak málningarpjónustu ehf. og hefur rekið fyrirtækið með góðum árangri í mörg ár. Ámundi hefur mikla reynslu í málun og viðhaldi húsa. Hjá fyrirtækinu starfa reyndir iðnaðarmenn sem leggja metnað sinn í fagmennsku, snryrtimennsku og áreiðanleika. Einnig starfa þar múrarar og smiðir og saman geta þeir leyst öll helstu verkefni sem koma að viðhaldi húsa. Þeir nota eingöngu bestu efni sem reynsla er komin á fyrir íslenskan markað og standast ítrustu gæðakröfur.

Málarar hjá Fyrirtak málningarpjónustu eru allir með mikla og góða reynslu við málningavinnu jafnt við útimálun sem og innimálun. Eingöngu er unnið upp úr góðum málningarkerfum og farið eftir þeim kerfum sem hafa reynst best við íslenska veðráttu.



fyrirtak@fyrirtak.is • www.fyrirtak.is • Sími 7707997

**VIÐ EIGUM  
ALLT Í  
ÚTILEGUNA**



Marmot SCARPA Smartwool PEITZ Black Diamond Julbo FJALLA KOFINN

Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



J.S. BACH  
**MESSA  
Í H-MOLL**

Í HALLGRÍMSKIRKJU 10. OG 11. JÚNÍ 2017 KL. 17



**MESTA TÓNVERK ALLRA TÍMA OG ÞJÓÐA**

Með þessum tónleikum fagnar hinn margverðlaunaði Mótettukór Hallgrímskirkju 35 ára afmæli sínu ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni og afburðaeinsöngvurum. Skosk-íslenska sópransöngkonan Hannah Morrison og enski kontratenórinn Alex Potter eru í fremstu röð barokksöngvara um þessar mundir. Þau koma reglulega fram með virtustu barokksveitum og -stjórnendum heims og hafa sungið inn á fjölda hljómdiska, en syngja nú bæði í fyrsta sinn í Hallgrímskirkju. Oddur Jónsson bassi og Elmar Gilbertsson tenór eiga mikilli velgengni að fagna hérlendis sem erlendis, en Elmar hlaut m.a. Íslensku tónlistarverðlaunin sem "Söngvari ársins" sl. 3 ár. Alþjóðlega barokkhljómsveitin í Hallgrímskirkju er skipuð einvala liði hljóðfæraleikara víða að úr heiminum og hefur ætíð hlotið afburðadóma fyrir leik sinn undir stjórn Harðar. Einstakur tónlistarviðburður!

**FLYTJENDUR:**

Mótettukór Hallgrímskirkju  
Hannah Morrison sópran  
Alex Potter kontratenór  
Elmar Gilbertsson tenór  
Oddur Arnþór Jónsson barítón  
Alþjóðlega barokkhljómsveitin í Hallgrímskirkju  
Stjórnandi: Hörður Áskelsson



Miðasala í Hallgrímskirkju sími 510 1000 og á [midi.is](http://midi.is)

Miðaverð:

Úrvalssæti 9.500,- (enginn afsláttur)

Almenn sæti 5.900,- (afsláttur fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn)